



## Samfélagsfræði 7. bekkur

### Evrópa

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><b>Að nemendur geti:</b></p> <p><b>Reynsluheimur</b></p> <p>Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú</p> <p>Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegar menningar, trúar og lífsviðhorfa</p> <p>Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum</p> <p>Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni</p> <p>Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði</p> <p>Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi</p> <p>Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar</p> <p>Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga</p>	<p>K-V-L</p> <p>Samlestur í gegnum námsefnið, hugtök útskýrð vel fyrir nemendum</p> <p>Stöðvavinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Gagnvirkur lestur</p> <p>Upplýsingatækni gerð aðgengileg – tölvuvinna og spjaldtölvur</p> <p>Evrópa skoðuð landfræðilega, stjórnarhættir, atvinnuvegir, menningarheimar kannaðir og borin saman lega landa, gróðurfar, veður og trúarbrögð</p> <p>Nemendum raðað í hópa svo samvinna gangi sem best</p> <p>Kortaverkefni</p> <p>Skoða líkön og vinna verkefni þeim tengd</p>	<p>Taki virkan þátt í samræðum og kennslustundum</p> <p>Beri ábyrgð á framvindu í náminu</p> <p>Fylgi námsefninu jafnt og þétt</p> <p>Spyrji athugulla spurninga í gegnum þemað</p> <p>Vinni verkefni af alúð og einlægni</p> <p>Skili verkefnum á réttum tíma</p> <p>Sýni metnað og öguð vinnubrögð</p> <p>Vinni vel í hópi – óháð því hverjir eru hópfélagar</p> <p>Vandi vel til verka og skila af sér sinni bestu vinnu, ávallt</p> <p>Beri virðingu fyrir viðfangsefninu og setji sig inn í efnið og tileinki sér það</p>	<p>Margþætt og fjölbreytt námsmat hefur verið beitt í þessu þema – breytilegt milli ára</p> <p>Meðal annars;</p> <p>Samvinnupróf</p> <p>9- próf</p> <p>Heimapróf</p> <p>Lokaritgerð</p> <p>Vinnusemi í tímum – hópavinna en þó mat á framlagi hvers og eins innan hóps</p> <p>Fastur punktur er sýning fyrir foreldra og gesti og gangandi í lokin þar sem nemendur bregða sér í hlutverk ferðafulltrúa og kynna land „sitt“, menningu og þjóð og mögulegar ferðir þangað á ferðabás þar sem kennir ýmissa grasa frá viðkomandi landi, ferðabæklingar (publisher verkefni), matur að smakka, myndir frá landinu, þjóðfáninn sýnilegur og allar helstu grunnupplýsingar</p>



<p>Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu</p> <p>Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta</p> <p>Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga</p> <p><b>Hugarheimur</b></p> <p>Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum</p> <p>Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni</p> <p><b>Félagsheimur</b></p> <p>Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu</p> <p>Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum</p> <p>Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra</p> <p>Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra</p> <p>Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt</p> <p>Sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju</p>			
---	--	--	--